



Sjúkratryggingar
Íslands

Maí
2019

Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu

YFIRLIT 2018

Efnisyfirlit

Samantekt	3
Fjöldi skráðra einstaklinga á heilsugæslustöðvar höfuðborgarsvæðisins	4
Fjöldi koma á heilsugæslu	5
Komur til sérgreinalækna	6
Komur á bráðamóttöku (BMT) Landspítala	7
Læknavaktin	8
Hlutdeild veittrar þjónustu	11
Kostnaðar- og þarfavísitala	12
Kostnaðarvísitala (KVT)	12
Þyngdarstuðull og þarfavísitala	14
Átaksverkefni	16
Gæðaviðmið	16
Yfirferð lyfjalista hjá öldruðum	16
Önnur gæðaviðmið	17
Greiðslur samkvæmt öðrum dreifireglum	19
Félagsþarfavísitala	20
Greiðslur til heilsugæslustöðva samkvæmt fjármögnunarlíkani	20
Endurskoðun á fjármögnunarlíkani	24

Samantekt

Fjármögnunarkerfi heilsugæslunnar byggir á því að allir sjúkratryggðir einstaklingar með búsetu á svæðinu eru skráðir á heilsugæslustöð eða með sjálfstætt starfandi heimilislækni. Einstaklingum utan höfuðborgarsvæðis er heimilt að skrá sig á heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu en eingöngu er heimilt að vera skráður á eina heilsugæslustöð. Í lok árs 2018 voru rúmlega 11 þúsund einstaklingar skráðir með heilsugæslustöð bæði á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Þar sem eingöngu er heimilt að vera skráður á eina heilsugæslustöð var farið í að leiðrétta þetta. Þrátt fyrir þá aðgerð fjölgaði skráðum einstaklingum hjá heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu um rúmlega 9 þúsund manns milli árana 2017 og 2018 eða 4,3%.

Fjöldi koma á heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu jókst um tæp 10% milli árana 2017 og 2018. Komur voru samtals 535.864 árið 2018 miðað við 488.193 árið 2017. Í hverjum mánuði sóttu að meðaltali um 3,2% skráðra einstaklinga þjónustu sérgreinalækna (barna-, hjarta- og geðlækna) og 1,8% þjónustu á bráðamóttöku Landspítala. Árið 2018 sóttu í hverjum mánuði að meðaltali 3% einstaklinga sem skráðir eru á heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu þjónustu Læknavaktar. Flestar komur á Læknavaktina voru frá skráðum einstaklingum á heilsugæslustöðvunum Firði, Mjódd og Hvammi. Fæstar komur eru hins vegar frá einstaklingum skráðum á heilsugæslustöðvar í Miðbæ, Mosfellsumdæmi og Seltjarnarnesi.

Fjármögnunarlíkanið gerir ráð fyrir að grunnheilbrigðisþjónustu einstaklings sé fyrst og fremst sinnt á skráðri heilsugæslustöð. Því fá stöðvarnar sérstaklega greitt ef hlutdeild skilgreindrar grunnheilbrigðisþjónustu er fyrst og fremst á skráðri stöð, en ekki hjá öðrum stöðvum, sérgreinalæknum (barna-, hjarta- og geðlæknum), bráðamóttöku Landspítala eða Læknavakt. Allar stöðvar náðu vel yfir 50% hlutdeild og sex stöðvar náðu yfir 70% hlutdeild að meðaltali yfir árið.

Fjármagn til heilsugæslustöðva á að endurspegla þann skjólstæðingahóp sem hún sinnir. Þeir hópar sem sækja mest heilsugæsluna eru börn, aldraðir, konur á barneignaldri (mæðraeftirlit) og langveikir einstaklingar. Þessir þættir eru metnir með kostnaðar- og þarfavísitölu og um 80% af fjármagni sem ætlað er til heilsugæslu er skipt samkvæmt þeim þáttum. Kostnaðarvísitalan sem á að endurspegla aldursdreifingu þess aldurshóps sem skráður er á stöð er hæst hjá heilsugæslustöðinni Efstaleiti (1,12) og Lág múla (1,1) en lægst hjá Urðarhvarfi (0,93), Mosfellsumdæmi (0,94) og Árbæ (0,94). Þarfavísitalan sem endurspeglar umfang þeirrar þjónustu sem rekja má til sjúkdómsbyrði þess hóps sem skráður er á heilsugæslustöð er hæst hjá Höfða (1,37) og Urðarhvarfi (1,3) en lægst hjá Hamraborg (0,8).

Greitt var sérstaklega samkvæmt fjármögnunarlíkani fyrir skólahjúkrun, túlkþjónustu og sálfræðiþjónustu sem stöðvarnar veita. Einnig var bætt inn í líkanið árið 2018 greiðslum vegna hreyfiseðla. Alls var 10,2% af fjármagni til heilsugæslunnar ráðstafað vegna þessara þátta.

Aðrir þættir sem greitt er fyrir í fjármögnunarlíkani beinast að gæðaverkefnum eins og að innleiða Heilsuveru, sem gefur skráðum einstaklingum möguleika á lyfjaendurnýjunum, tímabókun og fyrirspurnum í gegnum netið. Mikilvægt er að hafa umsjón með lyfjanotkun einstaklinga með langvinna sjúkdóma og því er greitt sértaklega fyrir yfirferð lyfjalista hjá öldruðum. Einnig er greitt sérstaklega fyrir átta gæðaviðmið sem beinast aðallega að þáttum sem tengjast lýðheilsu. Of algengt er að heilsugæslustöðvar nái ekki lágmarkum sem tengjast þeim gæðaviðmiðum. Því var eingöngu 60% af fjármagni sem eyrnamerkt er þessum þætti úthlutað eða um 90 milljónum kr. af 150 milljónum. Fyrirhugað er að endurskoða gæðaviðmið fyrir árið 2020 m.a. vegna þessa.

Ekki voru gerðar stórvægilegar breytingar á fjármögnunarlíkani milli árana 2018 og 2019. Viðbótarfjármagn kom inn vegna kennslu nema í heilbrigðisvísindum og hlutfall sem ætlað var til ákveðinna þátta og hafði ekki verið nýtt sem skildi lækkað og annað hækkað.

Fjöldi skráðra einstaklinga á heilsugæslustöðvar höfuðborgarsvæðisins

Fjármögnunarkerfi heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu byggir á því að allir sjúkratryggðir einstaklingar með búsetu á svæðinu eru skráðir á heilsugæslustöð eða hjá sjálfstætt starfandi heimilislækni. Einstaklingar af landsbyggðinni hafa einnig heimild til að skrá sig á heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu en eingöngu má vera skráður á eina heilsugæslustöð. Fyrirhugað er á næsta ári að taka upp sama fjármögnunarkerfi vegna heilsugæslu á landsbyggðinni. Því var í lok árs 2018 hafinn undirbúningur að skráningu allra sem búa á landsbyggðinni í sameiginlegan grunn heilsugæslunnar hjá SÍ. Við þá skráningu kom í ljós að rúmlega 11 þúsund einstaklingar voru skráðir á tveimur stöðvum það er, bæði skráðir á heilsugæslustöð á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Þar sem eingöngu er heimilt að vera skráður á eina heilsugæslustöð var farið í að leiðrétta þessar tvískráningar. Eftir þær leiðréttingar voru enn rúmlega 6 þúsund einstaklingar sem hafa lögheimili á landsbyggðinni skráðir á heilsugæslustöðvar eða hjá sjálfstætt starfandi heimilislæknum á höfuðborgarsvæðinu. Þrátt fyrir þessa aðgerð fjölgaði skráðum einstaklingum hjá heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu um rúmlega níu þúsund manns milli árána 2017 og 2018 eða 4,3%.

Mesta hlutfallslega breytingin á fjölda skráðra árið 2018 var hjá heilsugæslustöðinni Höfða en þar fjölgaði um 76,9%. Þessi stöð opnaði í júní 2017 og hefur mikil aukning verið í nýskráningum hjá þeim frá því að þeir opnuðu. Hjá Lágmúla fjölgaði um 39,4% og hjá Urðarhvarfi fjölgaði um 30,6%. Aukninguna í Lágmúla má skýra með því að þrír sjálfstætt starfandi heimilislæknar fluttu starfsemi sína á heilsugæslustöðina. Heilsugæslan Urðarhvarfi opnaði í ágúst 2017 og hefur verið í sókn varðandi nýjar skráningar frá því að þeir opnuðu. Mesta hlutfallslega fækkun skráðra á árinu 2018 var á heilsugæslustöðinni í Grafarvogi eða um 10,3%.

Tafla 1. Fjöldi skráðra einstaklinga á heilsugæslustöð í desember 2017 og 2018

Fjöldi skráðra í desember	2017	2018	Breyting	Breyting í %
Árbær	14.666	14.284	-382	-2,6%
Efra-Breiðholt	10.415	9.975	-440	-4,2%
Efstaleiti	9.135	9.484	349	3,8%
Fjörður	11.726	11.767	41	0,4%
Garðabær	12.344	12.406	62	0,5%
Glæsibær	8.759	8.692	-67	-0,8%
Grafarvogur	13.264	11.898	-1.366	-10,3%
Hamraborg	10.600	10.385	-215	-2,0%
Hlíðar	10.468	10.752	284	2,7%
Hvammur	9.831	9.667	-164	-1,7%
Miðbær	11.463	11.821	358	3,1%
Mjódd	9.758	9.422	-336	-3,4%
Mosfellsumdæmi	9.849	9.818	-31	-0,3%
Seltjarnarnes	16.043	16.061	18	0,1%
Sólvangur	17.638	17.358	-280	-1,6%
Lágmúli	9.140	12.742	3.602	39,4%
Salahverfi	15.826	15.276	-550	-3,5%
Höfði	8.969	15.867	6.898	76,9%
Urðarhvarf	4.763	6.219	1.456	30,6%
Samtals	214.657	223.894	9.237	4,3%

Fjöldi koma á heilsugæslu

Fjöldi koma á heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu var samtals 535.864 árið 2018 miðað við 488.193 árið 2017, það er fjölgun um 9,8% milli ára (sjá töflu 2). Ekki er marktækt að bera saman fjölda koma milli ára hjá Höfða og Urðarharfi þar sem þær opnuðu um mitt ár 2017. Ef sambærilegur tími er borinn saman hjá þeim heilsugæslustöðvum milli ára þá er fjölgun koma hjá Höfða milli júní – desember 2017 og 2018, 68% og fjölgun koma hjá Urðarharfi milli ágúst og desember 2017 og 2018, 54%. Mesta aukningin í fjölda koma hjá þeim heilsugæslustöðvum sem voru í rekstri allt árið 2017 og 2018 var hjá Lág múla. Þá aukningu má að miklu leyti tengja fjölgun lækna starfandi á stöðinni, en eins og fram kom hér að framan fluttu þrír sjálfstætt starfandi heimilislæknar sig yfir á þá stöð ásamt sínum skjólstæðingum. Einnig var mikil aukning í fjölda koma hjá Garðabæ, Efstaleiti, Hvammi og Sólvangi. Fjöldi koma dróst mest saman hjá heilsugæslunni Grafarvogi sem er í samræmi við fækkun á skráðum einstaklingum.


Tafla 2. Heildarfjöldi koma* á heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu árið 2017 og 2018.

Fjöldi koma	2017	2018	Breyting	Breyting í %
Árbær	40.157	39.541	-616	-1,5%
Efra-Breiðholt	25.476	25.935	459	1,8%
Efstaleiti	23.675	25.430	1.755	7,4%
Fjórður	28.153	29.233	1.080	3,8%
Garðabær	25.586	28.019	2.433	9,5%
Glæsibær	19.262	19.109	-153	-0,8%
Grafarvogur	33.798	27.611	-6.187	-18,3%
Hamraborg	22.364	21.774	-590	-2,6%
Hlíðar	20.835	21.234	399	1,9%
Hvammur	22.342	23.780	1.438	6,4%
Miðbær	23.889	24.713	824	3,4%
Mjódd	18.537	18.610	73	0,4%
Mosfellsumdæmi	25.202	24.862	-340	-1,3%
Seltjarnarnes	38.349	37.807	-542	-1,4%
Sólvangur	39.207	41.835	2.628	6,7%
Lág múli	19.625	27.246	7.621	38,8%
Salastöðin	42.344	41.592	-752	-1,8%
Höfði**	15.776	43.237	27.461	-
Urðarharfi***	3.616	14.296	10.680	-
Samtals	488.193	535.864	47.671	9,8%

*Þegar talað er um komu er átt við komu á heilsugæslustöð til heilbrigðisstarfsmanna (lækna, hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga, hreyfistjóra). Einnig eru taldar komur í mæðravernd, ungbarnavernd og rannsóknir.


**Höfði opnaði í júní 2017

***Urðarharfi opnaði í ágúst 2017



Mynd 1. Heildarkomur á heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu eftir mánuðum, samanburður á árinu 2017 og 2018.


Komur eru fleiri alla mánuði ársins 2018 en 2017 og hefur komum fjölgað að meðaltali úr 40.683 á mánuði í 44.655 eða um tæp 10% (sjá mynd 1).



Mynd 2. Meðalkomur á mánuði á heilsugæslustöð, bæði skráðra einstaklinga á eigin heilsugæslu og annarra, árið 2018.

Meðalkomur á heilsugæslustöð voru 2.350 komur á mánuði, þar af voru að meðaltali 2.200 komur hjá skráðum einstaklingum á eigin stöð og 150 komur að meðaltali frá öðrum (einstaklingar skráðir á aðrar stöðvar). Fjöldi koma er í samræmi við fjölda skráðra á stöð. Flestar komur eru hjá fjölmennustu heilsugæslustöðvunum eins og Höfða, Sólvangi, Seltjarnarnesi, Salahlverfi og Árbæ. Flestar komur frá öðrum en skráðum voru hjá Höfða, að meðaltali 338 komur á mánuði og Árbæ að meðaltali 329 komur á mánuði.

Í hverjum mánuði sóttu að meðaltali um 18,5% þeirra sem skráðir eru á heilsugæslustöð þjónustu á eigin stöð. Hæsta hlutfallið var hjá heilsugæslustöðinni Höfða (24%) og það lægsta var hjá heilsugæslustöðvunum í Mjódd og Hlíðum (15-15,4%), mynd 3.



Mynd 3. Meðalhlutfall skráðra einstaklinga sem sóttu eigin heilsugæslu í hverjum mánuði árið 2018.

Komur til sérgreinalækna

Komur skráðra einstaklinga hjá heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu til sjálfstætt starfandi barnalækna og geðlækna¹ voru 66.499 árið 2017 eða að meðaltali 5.686 komur á mánuði. Í janúar 2018 bættist við skráning koma til hjartalækna. Ef komur til sérgreinalækna eru skoðaðar sem hlutfall af skráðum einstaklingum hjá heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu hafa komur aukist um 43% frá árinu

¹ Eingöngu voru taldar komur til barnalækna og geðlækna árið 2017. Komur til hjartalækna komu inn í útreikninga í módelið árið 2018.

2017, sjá töflu 3. Þetta skýrist fyrst og fremst af þeirri breytingu að komum til hjartalækna var bætt við talningu.

Tafla 3. Samanburður árána 2016-2018 á heildarkomum skráðra einstaklinga hjá heilsugæslustöðvum höfuðborgarsvæðisins til sérfræðilækna.

	2016	2017	2018
Heildarfjöldi koma til sérfræðilækna	64.359*	66.499*	101.685**
Meðalfjöldi skráðra á heilsugæslur höfuðborgarsvæðis	196.551***	208.999	223.894
Komur á skráðan einstakling	0,327	0,318	0,454

*Eingöngu eru taldar komur til barnalækna og geðlækna.

** Komur til barna-, geð- og hjartalækna

*** Tekið er meðaltal af skráðum einstaklingum í janúar og desember 2016.

Tafla 4. Meðalfjöldi koma skráðra einstaklinga á mánuði hjá heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu til sérgreinalækna árið 2018. Hlutfall einstaklinga sem skráðir eru á hverja stöð og fóru til sérgreinalækna 2018.

Heilsugæslustöðin	Fjöldi koma	Fjöldi einstaklinga	Meðalfjöldi koma á einstakling	Hlutfall af fjölda skráðra á stöð
Árbæ	551	458	1,2	3,1%
Efra-Breiðholti	361	308	1,2	3,0%
Efstaleiti	390	323	1,2	3,5%
Fjörður	498	421	1,2	3,5%
Garðabæ	496	416	1,2	3,3%
Glæsibæ	353	292	1,2	3,3%
Grafarvogi	468	396	1,2	3,2%
Hamraborg	382	319	1,2	3,0%
Hlíðum	330	274	1,2	2,5%
Hvammur	371	320	1,2	3,3%
Höfði	609	517	1,2	3,8%
Lágmúla	528	429	1,2	3,6%
Miðbæ	351	291	1,2	2,5%
Mjódd	357	307	1,2	3,2%
Mosfellsumdæmi	336	286	1,2	2,9%
Salahverfi	638	538	1,2	3,4%
Seltjarnarnesi	572	483	1,2	3,0%
Sólvangi	669	568	1,2	3,2%
Urðarhvarfi	215	190	1,1	3,4%
Meðaltal	446	375	1,2	3,2%

Komur á bráðamóttöku (BMT) Landspítala.

Komur á BMT Landspítala voru skráðar 54.345 árið 2018 og er það um 3,3% fjölgun koma hjá skráðum skjólstæðingum heilsugæslunnar frá því árið 2017. Ef horft er á fjölda koma sem hlutfall af skráðum einstaklingum á heilsugæslur á höfuðborgarsvæðinu þá hefur hlutfallslega dregið úr komum þar sem fjöldi skráðra hefur aukist. Hlutfallslega flestir af skjólstæðingum Höfða sækja þjónustu á BMT (2,0%) en hlutfallslega fæstir af skjólstæðingum Seltjarnarness (1,5%), sjá töflu 5.

Tafla 5. Meðalfjöldi koma skráðra einstaklinga á mánuði hjá heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu á bráðamóttöku árið 2018. Hlutfall einstaklinga af heildarfjölda skráðra sem sótti þjónustu á bráðamóttöku.


Heilsugæslustöðin	Fjöldi koma	Fjöldi einstaklinga	Meðalfjöldi koma/einstakling	Meðalhlutfall af fjölda skráðra á stöð
Árbæ	286	249	1,2	1,7%
Efra-Breiðholti	231	200	1,2	1,9%
Efstaleiti	194	168	1,2	1,8%
Fjörður	254	220	1,2	1,8%
Garðabæ	245	211	1,2	1,7%
Glæsibæ	192	164	1,2	1,9%
Grafarvogi	244	207	1,2	1,7%
Hamraborg	217	189	1,2	1,8%
Hlíðum	204	175	1,2	1,6%
Hvammi	204	182	1,1	1,9%
Höfða	309	264	1,2	2,0%
Lágmúla	260	224	1,2	1,9%
Miðbæ	226	193	1,2	1,6%
Mjódd	212	184	1,2	1,9%
Mosfellsumdæmi	178	157	1,1	1,6%
Salahverfi	303	264	1,2	1,7%
Seltjarnarnes	286	250	1,1	1,5%
Sólvangi	363	315	1,2	1,8%
Urðarhvarfi	121	105	1,2	1,9%
Meðaltal	238	206	1,2	1,8%

Læknavaktin

Kröfulýsing vegna heilsugæsluþjónustu gerir ráð fyrir að vaktþjónusta sé til staðar virka daga frá kl. 17:00-23:00 og frá kl. 9:00-22:00 um helgar. Heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu hafa almennt opið virka daga til kl. 18:00 en eftir það sinnir Læknavaktin heilsugæsluþjónustu.


Árið 2018 sóttu tæplega 3% skráðra einstaklinga heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu þjónustu Læknavaktar á hverjum mánuði sem er svipað og var árið 2017, sjá töflu 6.

Flestar komur yfir árið voru frá skjólstaðingum heilsugæslustöðvarinnar Sólvangi enda er það fjölmennasta stöðin á höfuðborgarsvæðinu (7.258 komur frá 6.716 einstaklingum) mynd 4.



Mynd 4. Fjöldi heildarkoma á Læknavakt árið 2018 skipt niður á heilsugæslustöðvar.

Hlutfallslega flestar komur á Læknavaktina yfir árið voru frá skjólstaðingum Sólvangs (9%) og Fjarðar (7%). Hins vegar eru eingöngu um 3% koma á Læknavakt frá skráðum einstaklingum heilsugæslu Mosfellsumdæmis og frá skráðum einstaklingum hjá Urðarhvarfi um 2%, sjá mynd 5.




Mynd 5. Heildarkomur á Læknavakt 2018 skipt hlutfallslega heilsugæslustöðvum.

Komum skráðra einstaklinga á Læknavakt hefur áhrif á greiðslur til heilsugæslustöðva eins og sjá má í kafla um hlutdeild.

Tafla 6. Meðalfjöldi koma skráðra einstaklinga á mánuði hjá heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu á Læknavakt 2018. Hlutfall einstaklinga af heildarfjölda skráðra sem sótti þjónustu á Læknavakt.

Heilsugæslustöðin	Fjöldi koma	Fjöldi kennitalna	Fjöldi koma/einstakling	Hlutfall einstaklinga af fjölda skráðra á stöð
Árbæ	373	349	1,1	2,4%
Efra-Breiðholti	334	309	1,1	3,0%
Efstaleiti	277	256	1,1	2,8%
Fjörður	466	429	1,1	3,6%
Garðabæ	369	342	1,1	2,8%
Glæsibæ	313	277	1,1	3,1%
Grafarvogi	370	341	1,1	2,7%
Hamraborg	378	349	1,1	3,3%
Hlíðum	275	257	1,1	2,4%
Hvammi	358	330	1,1	3,4%
Höfða	382	351	1,1	2,6%
Lágmúla	343	317	1,1	2,7%
Miðbæ	256	236	1,1	2,0%
Mjódd	367	338	1,1	3,5%
Mosfellsumdæmi	194	183	1,1	1,9%
Salahverfi	447	421	1,1	2,7%
Seltjarnarnesi	271	254	1,1	1,6%
Sólvangi	605	560	1,1	3,2%
Urðarhvarfi	149	135	1,1	2,4%
Meðaltal	343	318	1,1	2,7%



Mynd 6. Komur á mánuði á Læknavakt, bæði einstaklinga frá höfuðborgarsvæði og landsbyggð (annarra), árið 2018.

Flestar komur á Læknavakt eru í janúar – maí og síðan aftur í desember. Í desember voru óvenju margir frídagar og það endurspeglast í auknum fjölda koma á Læknavaktina en á móti færri komum á heilsugæslustöðvar, sjá mynd 1 og 6. Um 95% koma á Læknavaktina eru frá skráðum einstaklingum á heilsugæslu höfuðborgarsvæðis.

Þar sem Læknavaktin sinnir kvöld- og helgarþjónustu heilsugæslunnar er hluti af fjármagni til hennar inni í fjármagnsmódeli heilsugæslunnar. Heilsugæslustöðvar greiða til Læknavaktar 4.740 kr. fyrir hverja komu sem þeirra skjólstæðingar sækja þjónustu þeirra. Komur skráðra einstaklinga á Læknavakt hafa því áhrif á greiðslur til heilsugæslustöðva. Árið 2018 voru greiddar tæpar 360 milljónir úr fjármögnunarmódeli frá heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu vegna þjónustu Læknavaktar. Hæsta greiðslan kemur frá Sólvangi og lægsta greiðslan frá Urðarhvarfi sem er í samræmi við notkun þeirra skjólstæðinga á þjónustu Læknavaktarinnar.

Tafla 7. Greiðslur til Læknavaktar (LV) frá heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu árið 2018 og meðalgreiðsla á hvern skráðan einstakling

Heilsugæslustöðin	Greitt til LV 2018	Hlutfall af heildargreiðslu	Meðalfjöldi skráðra	Meðalgreiðsla á skráðan einstakling
Árbæ	20.441.610	4,9%	14.648	1.396
Efra-Breiðholti	18.339.410	6,0%	10.366	1.769
Efstaleiti	15.204.390	5,0%	9.370	1.623
Fjörður	25.560.010	7,5%	11.959	2.137
Garðabæ	20.217.680	5,3%	12.446	1.624
Glæsibæ	17.160.350	7,3%	8.873	1.934
Grafarvogi	20.299.940	6,2%	12.438	1.632
Hamraborg	20.720.380	7,6%	10.649	1.946
Hlíðum	15.081.000	5,1%	10.791	1.398
Hvammi	19.651.000	6,9%	9.800	2.005
Höfða	20.921.460	4,7%	13.510	1.549
Lágmúla	18.832.970	5,3%	11.929	1.579
Miðbæ	14.034.470	4,4%	11.875	1.182
Mjódd	20.126.280	7,8%	9.689	2.077
Mosfellsumdæmi	10.620.680	3,9%	9.845	1.079
Salahverfi	24.508.910	5,7%	15.883	1.543
Seltjarnarnesi	14.870.780	3,3%	16.232	916
Sólvangi	33.169.060	7,1%	17.771	1.866
Urðarhvarfi	8.148.310	5,1%	5.654	1.441
Alls	357.908.690	5,6%	223.727	1.616

Hlutdeild veittrar þjónustu

Heilsugæslustöðvar fá greiðslu ef ákveðið hlutfall grunnheilbrigðisþjónustu sem þeirra skjólstæðingar nota er á skráða heilsugæslustöð. Það er því hagur hvernar stöðvar að veita góða þjónustu svo hún sé að jafnaði fyrsti viðkomustaður skjólstæðingsins þegar hann þarf á heilbrigðisþjónustu að halda.

Í fjármögnunarlíkani heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu er grunnheilbrigðisþjónusta skilgreind sem komur í eftirtalin úrræði:

- á heilsugæslustöð (eigin stöð og aðrar stöðvar), til sjálfstætt starfandi heimilislækna eða á Læknavakt.
- á Bráðamóttöku (BMT) Landspítala.
- til barnalækna sem starfa utan stofnana og skv. samningi við SÍ.
- til geðlækna sem starfa utan stofnana og skv. samningi við SÍ.
- til hjartalækna sem starfa utan stofnana og skv. samningi við SÍ.

Allar komur einstaklinga í skilgreinda grunnheilbrigðisþjónustu, sbr. hér að ofan, eru teknar saman og reiknað hversu hátt hlutfall koma á eigin stöð eru af heildarfjölda koma.

Hlutdeild veittrar þjónustu = Komur á skráða heilsugæslustöð / (komur á skráða heilsugæslu + aðrar heilsugæslur + BMT + komur til barna- geð- og hjartalækna)


Greiddar voru 5,5 kr. fyrir hvert prósentustig sem heilsugæslustöð náði umfram 50% í hlutdeild en að hámarki 80%. Upphæð á prósentustig (einingaverð) og umframprósentustigið eru síðan margfölduð með kostnaðarvegnum fjölda skráðra á stöð.

Greitt fyrir hlutdeild = (Umfram hlutdeild) x (5,5 kr.) x (Kostnaðarveginn fjöldi á stöð)

Alls voru ætluð 2,9% af heildarfjármagni í greiðslur fyrir hlutdeild í módelinu eða um 256 milljónir. Hins vegar voru greiddar vegna þessa þáttar tæpar 270 milljónir eða um 12 milljónum meira en áætlað var að þyrfti í þennan þátt.

Sex stöðvar voru að meðaltali með yfir 70% hlutdeild árið 2018. Allar stöðvar náðu vel yfir 50% hlutdeild (sjá mynd 7).

Hæstu greiðslur vegna hlutdeildar fóru til Seltjarnarness (25 m.kr) og Salahverfis (22 m.kr) enda er hlutdeild þeirra vel yfir 70% að meðaltali. Til að átta sig á hvað hlutdeild skiptir miklu máli varðandi greiðslur til heilsugæslustöðva má benda á að Mjódd og Mosfellsumdæmi eru með sambærilegan fjölda skráðra (rúmlega 9 þúsund). Heilsugæslustöðin Mosfellsumdæmi er með 73% hlutdeild en Mjódd er með um 60% hlutdeild. Þetta endurspeglast í greiðslum til þeirra, heilsugæslustöðin Mosfellsumdæmi fær greiddar rúmar 14 m.kr. fyrir hlutdeild en Mjódd rúmar 6 m.kr. (sjá töflu 8 og 16).



Mynd 7. Meðalhlutdeild í mánuði árin 2017 og 2018

Meðaltalshlutdeild hækkaði hjá níu af 19 heilsugæslustöðvum milli áráanna 2017 og 2018. Hækkunin var mest 9,6% hjá Urðarhvarfi og Hvammi 4,9%. Hlutdeild dróst mest saman hjá Höfða, lækkaði um 3,7% og 2,1% hjá Mosfellsumdæmi sjá töflu 8.

Tafla 8. Hlutdeild eftir heilsugæslustöðvum. Samanburður á meðaltali 2017 og 2018

Heilsugæslustöðin	Meðalhlutdeild 2017	Meðalhlutdeild 2018	Breyting í %
Árbæ	70,123	71,596	2,1%
Efra-Breiðholti	66,966	68,539	2,4%
Efstaleiti	71,300	70,540	-1,1%
Fjörður	66,838	67,435	0,9%
Garðabæ	65,056	66,861	2,8%
Glæsibæ	65,218	64,433	-1,2%
Grafarvogi	67,207	65,837	-2,0%
Hamraborg	63,898	62,975	-1,4%
Hlíðum	66,034	66,764	1,1%
Hvammi	63,012	66,065	4,9%
Höfða	74,509	71,757	-3,7%
Lágmúla	66,198	65,245	-1,4%
Miðbæ	68,790	68,490	-0,4%
Mjódd	59,786	60,038	0,4%
Mosfellsumdæmi	74,754	73,176	-2,1%
Salahverfi	72,023	71,953	-0,1%
Seltjarnarnesi	74,009	72,948	-1,4%
Sólvangi	66,865	69,099	3,3%
Urðarhvarfi	58,693	64,323	9,6%
Meðaltal	67,436	67,793	0,7%

Sjá má frekari upplýsingar um greiðslur vegna þessara þátta til heilsugæslustöðva í töflu 16.

Kostnaðar- og þarfavísitala

Kostnaðarvísitala (KVT)

Eins og fram hefur komið þá á fjármagn til heilsugæslustöðva að endurspegla þann skjólstæðingahóp sem hún sinnir. Þeir einstaklingar sem sækja þjónustu heilsugæslunnar mest eru ung börn, aldraðir og konur á barneignaráldri (mæðraeftirlit). Þar af leiðandi vega þessir hópar þyngst þegar reiknað er fjármagn til heilsugæslunnar. Heilsugæslan fær því ekki eingöngu greitt í samræmi við fjölda skjólstæðinga sem skráður er á stöð heldur einnig eftir því hvernig hópurinn sem hún sinnir er samsettur. Ef margir aldraðir eða börn eru skráð á heilsugæslustöð má búast við því að sá hópur þurfi meiri þjónustu en almenningur á aldrinum 18 – 67 ára og greiðslur til heilsugæslunnar eiga að taka mið af því.


KVT er notuð til að endurspegla aldursdreifingu þess aldurshóps sem skráður er á stöð. Meðaleinstaklingur fær þyngdina 1, 00. Sá hópur sem vegur þyngst í kostnaðarvísitölu eru einstaklingar 65 ára og eldri og síðan ung börn að fjögurra ára aldri. Heilsugæslustöðvar sem eru með hlutfallslega fleiri einstaklinga yfir 65 ára aldri og ung börn fá því gildi sem er hærra en 1. Þær stöðvar sem eru með hlutfallslega fleiri einstaklinga á miðjum aldri fá gildi sem er lægra en 1. Þegar búið er að finna kostnaðarvísitöluna er hún stöðluð miðað við heildarfjölda og margfölluð með fjölda skráðra á stöð til að finna staðlaðan kostnaðarveginn fjölda fyrir hverja stöð.

Tafla 9. KVT, kostnaðarveginn fjöldi skráðra á stöð og greitt samkvæmt KVT í desember 2018.

Heilsugæslustöðin	Fjöldi skráðra	KVT	Staðlaður	
			kostnaðarveginn fjöldi	Greitt v. KVT
Árbæ	14.284	0,94	13.419	15.035.606
Efra-Breiðholti	9.975	0,96	9.594	10.750.131
Efstaleiti	9.484	1,12	10.652	11.935.634
Fjörður	11.767	1,00	11.797	13.218.363
Garðabæ	12.406	1,05	13.051	14.622.700
Glæsibæ	8.692	1,04	9.065	10.157.453
Grafarvogi	11.898	0,96	11.455	12.834.794
Hamraborg	10.385	1,03	10.702	11.990.666
Hlíðum	10.752	0,95	10.260	11.495.739
Hvammi	9.667	1,07	10.309	11.550.668
Höfða	15.867	0,98	15.509	17.376.951
Lágmúla	12.742	1,10	14.036	15.726.564
Miðbæ	11.821	0,97	11.435	12.812.204
Mjódd	9.422	1,02	9.610	10.767.956
Mosfellsumdæmi	9.818	0,94	9.253	10.367.619
Salahverfi	15.276	0,96	14.693	16.462.748
Seltjarnarnesi	16.061	1,03	16.499	18.486.753
Sólvangi	17.358	0,96	16.747	18.764.786
Urðarhvarfi	6.219	0,93	5.808	6.507.714
Alls	223.894		223.894	250.865.049

Staðlaður kostnaðarveginn fjöldi er notaður til að skipta fjármagni hlutfallslega milli stöðva. Rúmlega 40% af fjármagni sem fer til heilsugæslunnar er greitt til stöðva samkvæmt kostnaðarvísitölu. Í töflu 9 sést hvaða áhrif kostnaðarvísitala hefur á greiðslur til heilsugæslustöðva. Á heilsugæslustöðvunum á Sólvangi og Seltjarnarnesi munar um 1.300 skráðum einstaklingum. Hins vegar munar aðeins um 250 einstaklingum þegar kostnaðarveginn fjöldi er skoðaður og endurspeglast þetta í greiðslu vegna kostnaðarvísitölu til stöðvanna, Sólvangur fær greiddar tæpar 18,8 m.kr í desember 2018 en Seltjarnarnes tæpar 18,5 m.kr.

Á mynd 8 má sjá skiptingu skráðra eftir aldursflokkum á heilsugæslustöðvum í lok árs 2018. Heilsugæslustöðin í Lágmúla er með hlutfallslega flesta aldraða skráða hjá sér (21%) en frekar fáa undir 10 ára aldri (9%). Heilsugæslan Efstaleiti er með 17% skjólstæðinga sinna 65 ára og eldri og 13% yngri en 10 ára. Það kemur því ekki á óvart að Lágmúli og Efstaleiti eru með hæstu kostnaðarvísitöluna (1,10 og 1,12). Urðarhvarf sem er með lægsta hlutfallið í yngsta aldurshópnum (8%) og 15% í elsta hópnum raðast með lægstu kostnaðarvísitöluna(0,93). Flestir í yngsta aldurshópnum eru hjá Firði (16%) og Salahverfi (17%).



Mynd 8. Hlutfallsleg aldersdreifing á heilsugæslustöðvum í lok árs 2018.

Þyngdarstuðull og þarfavísitala

Þyngdarstuðull og þarfavísitala (Adjusted Clinical Groups (ACG)) eiga að endurspeglar áætlað umfang þjónustu sem rekja má til sjúkdómsbyrði skráðra einstaklinga. Þyngdarstuðull tekur mið af sjúkdómsgreiningum (ICD-10) hjá skráðum einstaklingum heilsugæslustöðva og er hann byggður á meðaltali sjúkdómsbyrðar þeirra einstaklinga sem skráður er á stöðina. Breyting á þyngdarstuðli gefur því vísbendingu um breytingu á sjúkdómsbyrði þeirra einstaklinga sem skráðir eru á stöðina. Til að þyngdarstuðull endurspeglar sjúkdómsbyrði þeirra einstaklinga sem skráðir eru á stöð er mikilvægt að sjúkdómsgreiningar séu skráðar í sjúkraskrá þegar einstaklingur leitar til heilsugæslu.

Þyngdarstuðull er staðlaður með því að deila í þyngdarstuðul viðkomandi stöðvar með meðaltalsstuðli allra stöðvanna og með því fengin út þarfavísitala. Þarfavísitalan er síðan notuð til að meta hversu hátt hlutfall fjármagns vegna sjúkdómsbyrði fer til hversrar heilsugæslustöðvar. Einstaklingar sem eru með langvinna sjúkdóma og þurfa meiri þjónustu heilsugæslu en aðrir vega þungt í þyngdarstuðli og greiðslur til stöðva vegna þarfavísitölu eiga að endurspeglar þá þörf. Þannig eiga þær heilsugæslustöðvar sem eru með hlutfallslega fleiri skjólstæðinga með langvinna sjúkdóma að fá hæstu greiðslurnar vegna þarfavísitölu.

Tafla 10. Þyngdarstuðull samanburður á desember 2017 og 2018.

Heilsugæslustöðin	Þyngdarstuðull desember 2017	Þyngdarstuðull desember 2018	Hlutfallsleg breyting
Árbæ	0,467	0,530	13,5%
Efra-Breiðholti	0,513	0,603	17,5%
Efstaleiti	0,510	0,622	22,0%
Fjörður	0,495	0,550	11,1%
Garðabæ	0,509	0,585	14,9%
Glæsibæ	0,452	0,470	4,0%
Grafarvogi	0,434	0,491	13,1%
Hamraborg	0,426	0,435	2,1%
Hlíðum	0,451	0,517	14,6%
Hvammur	0,496	0,589	18,8%
Höfða	0,700	0,742	6,0%
Lágmúla	0,485	0,601	23,9%
Miðbæ	0,453	0,514	13,5%
Mjódd	0,425	0,475	11,8%
Mosfellsumdæmi	0,439	0,464	5,7%
Salahverfi	0,441	0,496	12,5%
Seltjarnarnesi	0,451	0,460	2,0%
Sólvangi	0,459	0,508	10,7%
Urðarhvarfi	0,488	0,709	45,3%

Þyngdarstuðull hefur hækkað hjá öllum heilsugæslustöðvunum á höfuðborgarsvæðinu. Mest er hækkingin hjá Urðarhvarfi en þar hefur þyngdarstuðull hækkað um rúm 45%. Líklega er skýringin á þessari miklu aukningu sú að stöðin var tiltölulega fámenn þegar hún opnaði, skráðum einstaklingum hefur fjölgað jafnt og þétt og því vel fylgt eftir að skráning fylgi samskiptum. Næst kemur Lágmúla með tæplega 24% hækkingu á þyngdarstuðli sem rekja má til þess eins og fram hefur komið hér að framan að þrír sjálfstætt starfandi heimilislæknar fluttu sína starfsemi yfir til Lágmúla. Hamraborg hefur hækkað minnst í þyngdarstuðli eða um 2,1%, sjá töflu 10. Hækking þyngdarstuðuls á síðasta ári hjá heilsugæslustöðvum bendir til að betur sé staðið að skráningu sjúkdómsgreininga í sjúkraskrá nú en áður, því ólíklegt er að sjúkdómsbyrði allra heilsugæslustöðva á svæðinu hafi aukist svo mikið á milli

ára. Vitað er að áttak hefur verið gert hjá mörgum heilsugæslustöðvum til að skrá greiningar skjólstæðinga stöðvanna því það hefur bein áhrif á greiðslur til stöðvanna.

Eins og fram kemur hér að ofan á þarfavísitala að endurspegla áætlað umfang þjónustu sem rekja má til sjúkdómsbyrði skráðra einstaklinga. Þannig eiga þær heilsugæslustöðvar sem eru með hlutfallslega fleiri skjólstæðinga með langvinna sjúkdóma að fá hæstu greiðslurnar. Á sambærilegan hátt og við kostnaðarvísitölu er reiknaður út staðlaður þarfaveginn fjöldi samkvæmt þarfavísitölu og fjármagni til heilsugæslustöðva dreift hlutfallslega í samræmi við þarfaveginn fjölda. Rúmlega 40% af fjármagni sem fer til heilsugæslunnar er greitt til stöðva samkvæmt þarfavísitölu. Stöðvar eins og Efstaleiti og Mjódd eru með svipaðan fjölda skráðra skjólstæðinga en ólíka þarfavísitölu og því munar um 2.600 manns á þarfavegnum fjölda. Þetta hefur bein áhrif á greiðslur til stöðvar vegna þarfavísitölu. Efstaleiti fékk greiddar rúmar 12 m.kr. vegna þarfavísitölu í desember 2018 en Mjódd fékk rúmar 9 m.kr (tafla 11).

Tafla 11. Fjöldi skráðra, þarfavísitala og staðlaður þarfaveginn fjöldi í desember 2018

Heilsugæslustöðin	Fjöldi skráðra	PVT	Staðlaður þarfaveginn fjöldi	Greitt v. PVT í desember 2018
Árbæ	14.284	0,98	13.936	15.614.709
Efra-Breiðholti	9.975	1,11	11.076	12.410.198
Efstaleiti	9.484	1,14	10.852	12.159.215
Fjörður	11.767	1,01	11.914	13.349.142
Garðabæ	12.406	1,08	13.351	14.959.241
Glæsibæ	8.692	0,87	7.526	8.432.570
Grafarvogi	11.898	0,90	10.759	12.055.013
Hamraborg	10.385	0,80	8.323	9.325.576
Hlíðum	10.752	0,95	10.232	11.464.531
Hvammi	9.667	1,08	10.483	11.745.766
Höfða	15.867	1,37	21.661	24.270.251
Lágmúla	12.742	1,11	14.102	15.800.705
Miðbæ	11.821	0,95	11.189	12.536.810
Mjódd	9.422	0,87	8.241	9.233.698
Mosfellsumdæmi	9.818	0,85	8.389	9.399.526
Salahverfi	15.276	0,91	13.938	15.616.950
Seltjarnarnesi	16.061	0,85	13.586	15.222.549
Sólvangi	17.358	0,93	16.223	18.177.198
Urðarhvarfi	6.219	1,30	8.114	9.091.400
Alls	223 .894		223.895	250.865.048

Þarfavísitalan hækkaði mest á heilsugæslustöðinni Urðarhvarfi (33,7%) og Lágmúla (8,0%) en lækkaði aftur á móti mest í Hamraborg (-11,2%) og á Seltjarnarnesi(-10,6%). Hjá þeim stöðvum sem þyngdarstuðull hækkaði minnst milli ára varð lækkun á þarfavísitölu. Hjá Lágmúla bættust við þrjú lækningar sem áður störfuðu sem sjálfstætt starfandi heimilislækningar og þeirra skjólstæðingar fluttust með þeim á stöðina. Við það hækkaði bæði þyngdarstuðull og þarfavísitala hjá Lágmúla, sjá töflu 10 og 12.

Tafla 12. Þarfavísitala heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu í desember 2017 og 2018.

Heilsugæslustöðin	desember 2017	desember 2018	Breyting í %
Árbæ	0,982	0,976	-0,7%
Efra-Breiðholti	1,087	1,110	2,1%
Efstaleiti	1,085	1,144	5,4%
Fjörður	1,046	1,013	-3,2%
Garðabæ	1,080	1,076	-0,3%
Glæsibæ	0,955	0,866	-9,3%
Grafarvogi	0,911	0,904	-0,8%
Hamraborg	0,903	0,801	-11,2%
Hlíðum	0,953	0,952	-0,2%
Hvammi	1,054	1,084	2,9%
Höfða	1,472	1,365	-7,3%
Lágmúla	1,025	1,107	8,0%
Miðbæ	0,951	0,947	-0,5%
Mjódd	0,901	0,875	-2,9%
Mosfellsumdæmi	0,926	0,854	-7,8%
Salahverfi	0,931	0,912	-2,0%
Seltjarnarnesi	0,946	0,846	-10,6%
Sólvangi	0,970	0,935	-3,7%
Urðarhvarfi	1,030	1,305	33,7%

Átaksverkefni.

Einn þáttur í fjármögnunarlíkaninu var að greiða sérstaklega fyrir mikilvæg átaksverkefni. Fyrsta átaksverkefnið var að greiða sérstaklega fyrir að innleiða Heilsuveru hjá heilsugæslustöðvum, sem gefur skráðum einstaklingum möguleika á tímabókunum, lyfjaendurnýjunum og fyrirspurnum hjá sinni heilsugæslustöð. Eitt prósent af fjármagni fór í þennan þátt. Allar heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu buðu upp á tímabókanir og lyfjaendurnýjun í gegnum Heilsuveru í lok árs 2018. Aðeins heilsugæslustöðin Garðabæ var ekki búin að opna fyrir möguleika á fyrirspurnum í gegnum Heilsuveru í lok árs 2018. Alls voru ætlaðar um 66 m.kr í þennan lið en greiddar voru ríflega 64 m.kr., munar það líklega mest um að engar greiðslur vegna fyrirspurna fóru til Garðabæjar. Hæstu greiðslurnar vegna Heilsuveru fóru til Sólvangs, Seltjarnarnes og Salahverfis eða rétt um 4,5 - 5,3 m.kr. í samræmi við fjölda skráðra á þeim stöðvum. Sjá nánari sundurliðun í töflu 16.

Gæðaviðmið

Gæðaviðmið eiga að stuðla að betri þjónustu við skjólstæðinga og einnig ætti almenningur út frá skráningu gæðaviðmiða að geta séð hvernig hver heilsugæslustöð sinnir þjónustu við ákveðna sjúklingahópa. Gæðaviðmiðin beinast helst að þáttum sem tengjast lýðheilsu. Mest áhersla er lögð á skráningu þátta sem eru áhættuþættir í tengslum við ákveðnar sjúkdómsgreiningar eins og hjarta- og æðasjúkdóma, langvinna lungnasjúkdóma og sykursýki.

Yfirferð lyfjalista hjá öldruðum.

Eitt gæðaviðmið er yfirferð lyfjalista hjá öldruðum. Mikilvægt er að hafa umsjón með lyfjanotkun einstaklinga með langvinna sjúkdóma og því voru greiddar 9.110 kr. fyrir yfirferð lyfjalista hjá einstaklingum eldri en 70 ára sem eru með hjarta og æðasjúkdóma, sykursýki eða langvinna lungnasjúkdóma. Gert var ráð fyrir tæpum 76 m.kr. í þennan lið, en einungis greiddar rúmar 68 m.kr. vegna þessa þáttar. Hæstu greiðslurnar fóru til Lágmúla (7,4 m.kr.) og Höfða (6,3 m.kr.) Alls var farið

yfir lyfjalista hjá 7.144 einstaklingum sem er um 37% einstaklinga eldri en 70 ára, en þess ber að geta að ekki falla allir aldraðir undir að vera í áhættuhóp sem kallar á reglubundna yfirferð lyfjalista.

Tafla 13. Fjöldi yfirfarinna lyfjalista árið 2018.

Heilsugæslustöðin	Fjöldi > 70 ára des 2018	Fjöldi yfirfarinna lyfjalista 2018	Greitt fyrir lyfjalista 2018
Árbæ	926	345	3.142.950
Efra-Breiðholti	861	604	5.502.440
Efstaleiti	1.139	477	4.345.470
Fjörður	828	237	2.159.070
Garðabæ	1.367	285	2.596.350
Glæsibæ	751	242	2.204.620
Grafarvogi	722	275	2.505.250
Hamraborg	982	491	4.473.010
Hlíðum	659	143	1.302.730
Hvammi	1.043	514	4.682.540
Höfða	1.363	689	6.276.790
Lágmúla	1.766	818	7.451.980
Miðbæ	807	259	2.359.490
Mjódd	915	279	2.541.690
Mosfellsumdæmi	741	301	2.742.110
Salahverfi	1.123	363	3.306.930
Seltjarnarnesi	1.267	407	3.707.770
Sólvangi	1.416	492	4.482.120
Urðarhvarfi	576	302	2.751.220
Alls	19.252	7.523	68.534.530

Önnur gæðaviðmið.

1. Notkun breiðvirkra sýklalyfja sé undir 10% af ávísuðum sýklalyfjum vegna þvagfærasýkinga kvenna.
2. Bólusetning gegn influensu hjá eldri en 60 ára og einstaklingum í áhættuhópum.
3. Blóðþrýstingur (BP) skráður hjá áhættuhópum á a.m.k. 15 mánaða fresti
4. Reykingar skráðar hjá áhættuhópum á a.m.k. 15 mánaða fresti
5. Líkamsþyngdarstuðull (BMI) skráður hjá áhættuhópum á a.m.k. 15 mánaða fresti.
6. HbA1c skráð hjá sykursjúkum – enn hefur ekki tekist að koma þessu gæðaviðmiði í framkvæmd.
7. Öndunarmælingar framkvæmdar hjá einstaklingum með langvinna lungnateppu (COPD).
8. Bólusetningar barna. Greitt er ef 95% barna eru fullbólusett við 4 ára aldur.

Heilsugæslustöðvar fá greiðslu ef þeim tekst að halda ávísun breiðvirkra sýklalyfja innan við 10% af öllum ávísuðum sýklalyfjum vegna þvagfærasýkinga kvenna. Þessi lyf á ekki að nota nema brýna nauðsyn beri til og eiga þau sjaldnast við vegna þvagfærasýkinga hjá konum. Að meðaltali er notkun þessara sýklalyfja 7,9% af öllum ávísuðum sýklalyfjum yfir árið í þessum tilvikum.

Tafla 14. Gæðaviðmið 1 - Ávísun á breiðvirk sýklalyf vegna þvagfærasýkinga kvenna sé undir 10% af öllum ávísuðum sýklalyfjum vegna þvagfærasýkinga. Meðaltalstölur fyrir árið 2018.

Heilsugæslustöðin	Meðaltal 2018
Árbæ	5,8%
Efra-Breiðholti	3,7%
Efstaleiti	6,3%
Fjórður	7,8%
Garðabæ	10,8%
Glæsibæ	10,3%
Grafarvogi	7,6%
Hamraborg	8,6%
Hlíðum	6,2%
Hvammi	11,7%
Höfða	5,7%
Lágmúla	5,0%
Miðbæ	14,5%
Mjódd	10,5%
Mosfellsumdæmi	6,4%
Salahverfi	8,7%
Seltjarnarnesi	8,7%
Sólvangi	5,4%
Urðarhvarfi	6,34%

Vegna gæðaviðmiða nr. 2 – 5 þurftu heilsugæslustöðvar að ná 40% skráningu til að fá greiðslu vegna gæðaviðmiðs. Þau markmið náðust hjá öllum vegna skráninga á blóðþrýstingi og bólusetninga gegn inflúensu hjá skjólstæðingum í áhættuhópum. Urðarhvarf er eina heilsugæslustöðin sem náði markmiðum við skráningu reykinga í desember. Urðarhvarf og Efra-Breiðholt hafa náð gæðaviðmiði 5, þ.e. skráningu á líkamsþyngdarstuðli (BMI) hjá einstaklingum í áhættuhópum.

Greinilegt er að átak þarf að gera í skráningu reykinga og líkamsþyngdarstuðuls, sérstaklega í ljósi þess hve mikilvægir mælikvarðar þetta eru á lýðheilsu og áhættuþætti fyrir sjúkdóma.

Gæðaviðmið 6 er enn óvirkt vegna tæknilegra örðuleika og því fengu allar heilsugæslustöðvarnar greitt í samræmi við fjölda skráðra fyrir þetta gæðaviðmið.

Nýju gæðaviðmiði var bætt við árið 2018 um bólusetningar barna. Ríkur þáttur í heilsuvernd barna eru bólusetningar og mikilvægt er að ná sem flestum börnum inn í hefðbundnar bólusetningar. Markmið með þessu gæðaviðmiði var að heilsugæslustöðvarnar fengju eingreiðslu í desember ef þeim tækist að ná 95% þekjun í bólusetningum barna við fjögurra ára aldur. Eingöngu tvær heilsugæslustöðvar náðu þessu markmiði en allar nema ein heilsugæslustöð náðu að bólusetja 90% skráðra barna. Ýmis vandamál komu upp við að ná til allra skráðra barna til að framfylgja þessu gæðaviðmiði. Því var ákveðið að greiða út þetta gæðaviðmið til allra sem náðu 90% hlutfalli en vinna í því árið 2019 að bæta möguleika heilsugæslustöðva á því að ná til þeirra barna sem falla undir þetta gæðaviðmið.

Tafla 15 . Staða skráninga á gæðaviðmiðum í desember 2018.

Heilsugæslustöðin	Gæðaviðmið 2 Bólusetning gegn inflúensu	Gæðaviðmið 3 Blóðþrýstingur (BP) skráður	Gæðaviðmið 4 Reykingar skráðar	Gæðaviðmið 5 Líkamsþyngdar- stuðull (BMI) skráður	Gæðaviðmið 8 Bólusetningar barna
Árbæ	43,5 %.	64,9 %.	26,4 %.	32,6 %.	94,7 %.
Efra-Breiðholti	47,8 %.	75,8 %.	37,9 %.	52,3 %.	90,2 %.
Efstaleiti	51,5 %.	72,8 %.	27,6 %.	22,3 %.	92,4 %.
Fjörður	43,5 %.	62,6 %.	13,9 %.	24,2 %.	93,2 %.
Garðabæ	49,2 %.	62,9 %.	18,2 %.	13,4 %.	93,4 %.
Glæsibæ	47,0 %.	58,6 %.	6,7 %.	12,2 %.	92,1 %.
Grafarvogi	44,1 %.	64,7 %.	31,6 %.	31,6 %.	92,3 %.
Hamraborg	48,7 %.	69,9 %.	17,1 %.	15,8 %.	94,4 %.
Hlíðum	43,3 %.	63,5 %.	13,9 %.	17,5 %.	90,3 %.
Hvammi	50,4 %.	70,3 %.	35,0 %.	23,8 %.	92,3 %.
Höfða	47,0 %.	66,9 %.	22,9 %.	23,1 %.	93,5 %.
Lágmúla	50,1 %.	57,6 %.	17,4 %.	22,0 %.	94,0 %.
Miðbæ	40,1 %.	67,8 %.	14,9 %.	21,6 %.	85,6 %.
Mjódd	49,7 %.	67,1 %.	12,5 %.	27,3 %.	91,8 %.
Mosfellsumdæmi	41,0 %.	61,5 %.	15,6 %.	23,3 %.	91,7 %.
Salahverfi	51,0 %.	62,5 %.	17,6 %.	14,8 %.	96,5 %.
Seltjarnarnesi	51,3 %.	68,8 %.	10,6 %.	15,5 %.	92,8 %.
Sólvangi	44,9 %.	64,8 %.	15,3 %.	20,3 %.	95,6 %.
Urðarhvarfi	41,2 %.	68,7 %.	60,1%.	53,3 %.	93,9 %.

Ef skoðað er hvað hver heilsugæslustöð ætti að fá greitt ef öllum gæðamarkmiðum væri náð, sést að enn geta stöðvarnar sótt töluvert í þann sjóð. Heildarupphæð sem áætluð var til greiðslu fyrir gæðamarkmið eru tæpar 152 m.kr. Þar sem stöðvarnar ná ekki lágmarksviðmiðum er því fjármagni sem ætlað er til gæðaviðmiðanna átta ekki dreift og því var aðeins deilt út um 90 m.kr. eða tæplega 60% af fjármagninu þrátt fyrir að viðmið í mörgum gæðapáttum væru lækkuð árið 2018.

Greiðslur samkvæmt öðrum dreifireglum.

Samkvæmt fjármögnunarlíkani er greitt sérstaklega fyrir skólahjúkrun, túlkapjónustu og sálfræðipjónustu sem stöðvarnar veita. Einnig var fjármagni vegna hreyfiseðla bætt við í líkanið árið 2018, en áður hafði sú þjónusta verið utan líkans. Alls var 9,2% af fjármagni veitt til þessar þátta.

Skólahjúkrun (5,1%): Greitt var fyrir skólahjúkrun í grunnskólum miðað við fjölda skólabarna í upphafi hvers skólaárs. Greiðslan var 13.075 kr. fyrir hvert skólabarn. Samtals var greitt fyrir skólahjúkrun árið 2018 rúmar 375 m.kr. Heilsugæslustöðin Höfða og heilsugæslustöðin Urðarhvarfi fá ekki greitt fyrir skólahjúkrun þar sem þeir grunnskólar sem staðsettir eru á upptökusvæði þeirra fá áfram þjónustu frá sömu heilsugæslustöðvum og áður samkvæmt gildandi samningi.

Túlkapjónusta (0,5%): Greiðslur vegna túlkapjónustu byggja á áætlaðri þörf fyrir þessa þjónustu. Áætlunin tekur mið af fjölda nýrra íbúa á Íslandi og/eða íbúa sem fæddir eru erlendis og skráðir á heilsugæslustöð. Fjármagn vegna þessa þáttar var talið vanáætlað og var það því aukið úr 0,3% í 0,5% af heildarfjármagni árið 2018. Heildargreiðslur vegna túlkapjónustu árið 2018 voru rúmar 34 m.kr. Hæsta greiðslan fór til heilsugæslunnar Efra Breiðholti rúmar 3,4 m.kr.

Sálfræðipjónusta (2,9%): Fjármagn vegna þessa þáttar var aukið frá kröfulýsingu 2017 í samræmi við þá stefnu stjórnvalda að auka framboð á sálfræðipjónustu á heilsugæslustöðvum. Árið 2017 var 2,2% af fjármagni líkans ætlað í sálfræðipjónustu en árið 2018 var þetta fjármagn aukið enn frekar og fór í

2,9 % af heildarfjármagni. Samtals var greitt fyrir sálfræðiþjónustu árið 2018 tæpar 213 m.kr. Mest var greitt til heilsugæslunnar Sólvangi í samræmi við fjölda skráðra.

Hreyfiseðlar (0,6%): Þjónusta sjúkraþjálfara vegna hreyfiseðla var færð inn í líkan 2018, en áður hafði þessi þjónusta verið utan líkans. Fjármagn sem ætlað var vegna hreyfiseðla var bætt við líkan og fjármagni dreift í samræmi við fjölda skráðra.

Sjá má frekari upplýsingar um greiðslur vegna þessa þátta til heilsugæslustöðva í töflu 16.

Félagsþarfavísitala

Við dreifingu fjármagns er tekið tillit til lýðfræðilegra þátta þeirra einstaklinga sem skráðir eru á stöð. Sjö lýðfræðilegar breytur eru notaðar og eru þær fengnar hjá Hagstofu Íslands. Hver breyta hefur ákveðna vigt og er fjöldi skráðra einstaklinga sem fellur undir hverja breytu margfaldaður með vigt breytunnar. Margfeldi allra breytana er lagt saman og deilt í útkomuna með fjölda skráðra einstaklinga til að fá fram félagsþarfavísitölu stöðvarinnar. Greiddar voru 161 kr. fyrir hvert stig félagsþarfavísitölu umfram hæsta gildi þriðja fjórðungs. Þær stöðvar sem voru með lægri félagsþarfavísitölu fengu ekki greitt vegna þessa þátta. Hlutfall heildarfjármagns sem dreift var með þessum hætti var 0,4%.

Breyta	Vigt
Hlutfall eldri en 65 ára sem búa einir	6,15
Hlutfall barna undir fimm ára	3,23
Hlutfall nýrra íbúa á síðasta ári	4,19
Hlutfall örorkulífeyrisþega	6,15
Hlutfall atvinnulausra	5,13
Hlutfall einstæðra foreldra	4,19
Hlutfall einstaklinga sem fæddir eru erlendis	5,72

Eingöngu fjórar stöðvar fengu greitt vegna þessa þátta, heilsugæslan Efra Breiðholti, Hlíðum, Miðbæ og Mjódd. Ætlaðar voru rúmar 26 m.kr í greiðslur vegna félagsþarfavísitölu en alls voru greiddar rúmlega 31 m.kr vegna þessa þátta, þar af fékk heilsugæslan Efra Breiðholti tæpar 14 m.kr. Sjá nánar í töflu 16.

Greiðslur til heilsugæslustöðva samkvæmt fjármögnunarlíkani

Heildarfjármagn til heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu árið 2018 var áætlað rúmir 7,3 milljarðar króna samkvæmt fjárlögum eða um 611 m.kr. að meðaltali á mánuði. Ekki er gert ráð fyrir húsnæðiskostnaði inni í þessum greiðslum né kostnaði við miðlæga þjónustu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðis eða greiðslur fyrir heimahjúkrun.

Eins og fram hefur komið í fyrri kafla um Læknavaktina þá eru greiðslur vegna samninga við Læknavaktina að hluta til fjármagnaðar af því fé sem ætlað er til heilsugæslu. Því dregst frá úthlutuðu fjármagni til heilsugæslunnar það fjármagn sem greitt er til Læknavaktar (að meðaltali tæplega 30 m.kr. á mánuði). Einnig dragast frá fjármagni áætlaðar sértekjur heilsugæslunnar (tæpar 47 m. kr. á mánuði). Til skiptanna samkvæmt líkani eru þá rúmir 6,4 milljarðar króna nettó eða rúmar 535 m.kr. á mánuði. Alls var úthlutað til heilsugæslunnar samkvæmt líkani rúmlega 6,3 milljarðar kr. eða 99% af fjármagni sem var til skiptanna samkvæmt módeli. Skiptingu á fjármagni til heilsugæslustöðva árið 2018 samkvæmt fjármögnunarlíkani má sjá í töflu 16.

Tafla 16. Greiðslur til Heilsugæslustöðva 2018, í þúsundum kr.

Heilsugæslan	Kostnaðar -vísitala	Þarfavísitala	Skóla- hjúkrun	Túlka- þjónusta	Sálfræði- þjónusta	Sjúkra- þjálfun	Félagsþarfa- vísitala	Heilsuvera	Hlutdeild	Lyfjafir- ferð	Gæðaviðmið	Komu- reikningar*	Uppgjör LV	Sértekjur	Heildar- greiðsla
Árbæ	186.778	193.768	35.202	2.212	13.948	2.962	0	4.348	19.788	3.143	6.050	9.492	-20.442	-35.826	421.423
Efra-Breiðholti	133.970	151.035	11.092	3.437	9.872	2.096	13.696	3.077	12.175	5.502	4.957	9.140	-18.339	-27.210	305.370
Efstaleiti	143.289	141.514	17.368	1.175	8.921	1.895	0	2.781	14.434	4.345	5.088	2.623	-15.204	-23.410	304.818
Fjörður	162.878	164.348	29.576	1.545	11.386	2.418	0	3.549	13.933	2.159	4.115	-1.111	-25.560	-28.142	341.094
Garðabæ	175.049	184.148	31.153	815	11.850	2.517	0	2.217	14.502	2.596	4.120	3.391	-20.217	-30.325	381.815
Glæsibæ	124.217	109.124	12.656	1.664	8.448	1.794	2.375	2.634	8.798	2.205	3.049	-1.444	-17.160	-22.005	236.354
Grafarvogi	161.439	150.460	28.364	1.356	11.849	2.516	0	3.694	12.502	2.505	4.887	-576	-20.300	-30.506	328.191
Hamraborg	148.450	120.062	17.791	2.323	10.141	2.154	0	3.161	9.453	4.473	4.312	-96	-20.720	-27.406	274.096
Hlíðum	140.925	140.349	19.617	2.608	10.274	2.182	4.308	2.987	11.599	1.303	4.038	0	-15.081	-28.384	296.722
Hvammi	140.982	141.659	13.572	1.327	9.332	1.982	0	2.709	11.118	4.683	3.800	-105	-19.651	-25.225	286.183
Höfða	178.501	258.258	0	1.022	12.838	2.726	0	4.002	19.011	6.277	6.673	7.522	-20.921	-33.821	442.089
Lágmúla	176.875	176.222	15.642	1.410	11.335	2.407	0	3.534	13.122	7.452	5.035	-5.004	-18.833	-32.151	357.046
Miðbæ	154.555	152.431	14.130	2.966	11.306	2.401	5.180	3.524	14.020	2.359	3.199	2.518	-14.034	-31.973	322.582
Mjódd	133.310	117.298	19.604	2.436	9.227	1.959	5.561	2.876	6.564	2.542	3.849	-1.659	-20.126	-24.955	258.486
Mosfells- umdæmi	123.333	118.621	23.692	1.395	9.373	1.991	0	2.922	14.025	2.742	3.698	3.322	-10.621	-23.897	270.597
Salahverfi	205.447	196.263	34.509	958	15.124	3.212	0	4.552	22.126	3.307	6.149	2.413	-24.509	-36.002	433.550
Seltjarnarnesi	221.357	194.065	26.821	2.044	15.456	3.282	0	4.818	24.924	3.707	6.997	-1.088	-14.871	-40.678	446.834
Sólvangi	228.862	232.064	24.851	2.615	16.922	3.594	0	5.275	21.461	4.482	7.527	-1.709	-33.169	-44.286	468.489
Urðarhvarfi	69.576	93.692	0	719	5.378	1.142	0	1.677	4.895	2.751	3.318	1.979	-8.148	-15.127	161.852
Samtals	3.009.791	3.035.379	375.640	34.027	212.979	45.231	31.120	64.338	268.451	68.535	90.860	20.478	-357.909	-561.330	6.337.591

*Komureikningar sýna samtölu þess sem greitt er fyrir komu annarra en skráðra á stöð og það sem dregið er frá vegna einstaklinga sem sækja þjónustu á aðra heilsugæslu en þá sem þeir eru skráðir hjá.

Greiðslur á hvern skráðan einstakling er mismunandi eftir stöðvum og einnig greiðsla á hverja komu, sjá töflu 17. Mesta fjármagnið á skráðan einstakling er hjá Höfða en lægst hjá Hamraborg. Þarna gæti haft áhrif að Höfði fær rúmar 7 m.kr. í tekjur af komugjöldum, en Hamraborg greiðir tæplega 96 þúsund kr. meira til annarra stöðva í komugjöld en þeir fá greitt, sjá töflu 16. Báðar þessar stöðvar greiða svipaða upphæð til Læknavaktar fyrir þeirra þjónustu, þrátt fyrir að um 3.000 fleiri einstaklingar séu skráðir hjá Höfða en Hamraborg, þ.e. að mun hærra hlutfall skráðra einstaklinga hjá Hamraborg sækir þjónustu á læknavaktina en skráðra einstaklinga hjá Höfða, sjá töflur 6 og 7. Hins vegar er lægsta greiðslan á komu hjá Höfða en þeir eru skráðir með flestar komur á árinu 2018. Hæsta greiðslu á komu er hjá Hlíðum.

Fjölmennustu stöðvarnar og þær sem fá greitt mest eru Sólvangur og Seltjarnarnes. Þó fleiri einstaklingar séu skráðir hjá Sólvangi en Seltjarnarnesi, þá eru greiðsla á skráðan einstakling til Seltjarnarness lítið eitt hærri en til Sólvangs, sjá töflu 17. Þessar tvær stöðvar eru með ólíka samsetningu á skjólstæðingum sem sést á því að kostnaðar- og þarfavísitölur þeirra eru ólíkar (töflur 9 og 12). Þrátt fyrir fleiri skráða einstaklinga hjá Sólvangi fá þessar stöðvar sambærilega greiðslur vegna kostnaðarvísitölu en Sólvangur fær um 38 m.kr. hærri greiðslur vegna þarfavísitölu.

Tafla 17. Heildargreiðslur til heilsugæslustöðva árið 2018 og meðalgreiðslur á hverja komu og hvern skráðan einstakling.

Heilsugæslustöðin	Heildargreiðsla 2018	Meðalfjöldi á HG 2018	Fjöldi koma á HG 2018	Greiðsla á komu	Greiðsla á skráðan
Árbæ	421.423.502	14.648	39.541	10.658	28.770
Efra-Breiðholti	305.369.606	10.366	25.935	11.774	29.459
Efstaleiti	304.818.448	9.370	25.430	11.987	32.531
Fjörður	341.094.014	11.959	29.233	11.668	28.522
Garðabæ	381.815.130	12.446	28.019	13.627	30.678
Glæsibæ	236.353.957	8.873	19.109	12.369	26.637
Grafarvogi	328.190.759	12.438	27.611	11.886	26.386
Hamraborg	274.096.211	10.649	21.774	12.588	25.739
Hlíðum	296.721.851	10.791	21.234	13.974	27.497
Hvammi	286.182.596	9.800	23.780	12.035	29.202
Höfða	442.088.987	13.510	43.237	10.225	32.723
Lágmúla	357.046.322	11.929	27.246	13.105	29.931
Miðbæ	322.582.387	11.875	24.713	13.053	27.165
Mjódd	258.485.790	9.689	18.610	13.890	26.678
Mosfellsumdæmi	270.596.530	9.845	24.862	10.884	27.486
Salahverfi	433.549.647	15.883	41.592	10.424	27.296
Seltjarnarnesi	446.834.442	16.232	37.807	11.819	27.528
Sólvangi	468.489.340	17.771	41.835	11.199	26.363
Urðarhvarfi	161.851.759	5.654	14.296	11.321	28.626
Samtals	6.337.591.278	223.727	535.864	11.827	28.327

Það sem virðist hafa megin áhrif á greiðslur fyrir skráðan einstakling er hversu mikið er dregið af Sólvangi vegna Læknavaktar miðað við Seltjarnarnes (rúmar 33 m.kr. hjá Sólvangi miðað við tæpar 15 m.kr. hjá Seltjarnarnesi). Hátt hlutfall skjólstæðinga Sólvangs notar þjónustu Læknavaktar (7,3%) en mjög lágt hlutfall skjólstæðinga Seltjarnarness (3,3%) og endurspeglast það í greiðslum þeirra vegna þjónustu Læknavaktar (sjá töflu 7 og 16).

Í töflu 18 má sjá hvert áætlað heildarfjármagn var fyrir í hvern lið í fjármögnunarlíkaninu og hver raun greiðslan var. Í flestum liðum næst að úthluta öllu fjármagninu þ.e. í þeim liðum sem dreift er í samræmi við fjölda skráðra. Í þeim þáttum sem snúa að gæðaviðmiðum næst ekki að úthluta öllu fjármagni sem áætlað er í viðkomandi lið.

Tafla 18. Greiðslur til heilsugæslustöðva árið 2018, áætlað fjármagn og raungreiðslur

2018 Fjármögnunarlíkan	Áætlað heildarfjármagn	Raungreiðsla	Hlutfall
Kostnaðarvísitala	3.009.791.073	3.009.791.073	100%
Þarfavísitala	3.009.791.073	3.035.379.174	101%
Skólahjúkrun	375.640.868	375.640.396	100%
Túlkáþjónusta	34.027.000	34.027.000	100%
Sálfræðiþjónusta	212.979.000	212.979.000	100%
Hreyfiseðlar	45.231.000	45.231.000	100%
Félagsþarfavísitala	26.558.004	31.120.412	117%
Heilsuvera	66.394.000	64.338.128	97%
Hlutdeild	256.447.000	268.451.046	105%
Lyfjajfirferð	75.834.000	68.534.530	90%
Gæðaviðmið	151.876.028	90.860.038	60%
Komureikningar	75.731.000	20.478.170	27%
Samtals	7.340.300.046	7.256.829.969	99%

Ástæða þess að greiðslur fyrir þarfavísitölu eru hærra en áætlun er að í ljós kom í ágúst 2018 að upplýsingar vegna sjúkdómsgreininga höfðu ekki skilað sér með rafrænum hætti á réttan hátt frá heilsugæslustöðinni Urðarhvarfi. Það hafði haft veruleg áhrif á greiðslur til þeirra vegna þarfavísitölu. Útreikningar voru leiðréttir og greitt til Urðarhvarfs leiðrétting á þarfavísitölu. Þegar nokkrir sjálfstætt starfandi heimilislæknar færðu sig yfir til Höfða í byrjun árs 2018 voru sjúkdómsgreiningar þeirra skjólstæðinga ekki rétt lesnar inn í fyrstu, það var leiðrétt og greitt til Höfða það sem vantaði upp á rétta greiðslu samkvæmt þarfavísitölu.

Heilsugæslustöðvar ná ekki þeim lágmörkum sem ætlast er til vegna gæðaviðmiða og því er þetta fjármagn mjög vannýtt. Þarna eru sóknarfæri hjá heilsugæslustöðvunum til að fá auknar greiðslur og nýta það fjármagn sem ætlað er í þennan þátt. Þó þarf einnig að skoða hver sé ástæðan fyrir því að stöðvarnar ná ekki lágmörkum í gæðaviðmiðum þar sem öll þessi viðmið eru mjög mikilvæg m.t.t. langvinnra sjúkdóma og lýðheilsu. Ráðgert er að stofna starfshóp árið 2019 til að endurskoða fjármögnunarlíkan og má búast við að gæðaviðmiðum verði breytt í kjölfar þeirrar vinnu.

Greiðslur vegna komureikninga eru til að greiða fyrir þjónustu einstaklinga sem eru skráðir með heilsugæslustöð á landsbyggðinni eða hjá sjálfstætt starfandi heimilislæknum. Þessi upphæð var vannýtt árið 2018 og var því lækkuð verulega árið 2019.

Endurskoðun á fjármögnunarlíkani.

Ekki voru gerðar miklar breytingar á fjármögnunarlíkani milli ára 2018 og 2019. Fjármagn vegna komureikninga (komur einstaklinga af landsbyggð og frá sjálfstætt starfandi heimilislæknum) var lækkað um nær helming því í ljós kom að það var ekki nýtt. Þetta fjármagn var fært yfir á skólahjúkrun því ljóst var að sá liður var undirfjármagnaður. Bætt var við fjármagni vegna sálfræðipjónustu í samræmi við stefnu stjórnvalda að efla sálfræðipjónustu í heilsugæslunni. Greiðslur vegna hlutdeildar höfðu verið áætlaðar of lágar árið 2018 og var hlutfall fjármagns vegna þess þáttar því hækkað. Sjá má breytingu á dreifingu fjármagns milli ára 2017, 2018 og 2019 í töflu 19.

Tafla 19. Hlutfallsleg skipting fjármagns sem dreift er samkvæmt fjármögnunarlíkani.

Hlutfallsskipting	2017	2018	2019
Sálfræðipjónusta	2,2%	2,9%	3,6%
Túlkapjónusta	0,3%	0,5%	0,5%
Skólahjúkrun	5,3%	5,1%	5,5%
Hreyfiseðlar		0,6%	0,6%
Félagsþarfavísitala	0,4%	0,4%	0,4%
VERA	1,0%	0,9%	0,9%
Lyfjaafstemming	1,9%	1,0%	1,0%
Önnur gæðaviðmið	1,9%	2,2%	1,9%
Hlutdeild	2,9%	3,5%	3,9%
Aðrir skjólstæðingar	1,9%	1,0%	0,5%
Kostnaður vegna nema			1,2%
Kostnaðarvísitala	41,1%	40,9%	40,0%
Þarfavísitala	41,1%	40,9%	40,0%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%